

Þriðjudaginn 6. febrúar 1990.

Nr. 352/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Eymundi Gunnarssyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 15. ágúst 1988 en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki. Við hinn munlega málflutning var og krafist staðfestingar á greiðslu skaðabóta en skýra verður málflutning af hálfu ákærvalds svo, að krafist sé endurskoðunar á vaxtaákvæði héraðsdóms.

Verjandi gerir þá kröfu, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa.

#### **I.**

Samkvæmt gögnum málsins má ætla, að eyðublöðin í ávísanahefti Bryndísar Hrafnkelsdóttur, sem ákærði sló eign sinni á, hafi ekki verið fleiri en sex alls. Í II. hluta ákæru er ákærða einungis gefið að sök að hafa „slegið eign sinni á ávísanahefti hennar ...“

Ekkert liggur fyrir um verðmæti ávísanaheftisins, og hefur ekki verið sýnt fram á, að það geti talist andlag brots samkvæmt 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. dóm Hæstaréttar 1985,1376. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn nefndri lagagrein.

#### **II.**

Með skírskotan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um brot, er greinir í I. og III. kafla ákæru.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr.

50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 155. gr. síðast greindra laga, þykir með vísan til 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

### III.

Í nefnt sinn ók ákærði mjög ölvaður og án ökuréttinda bifreiðinni Ö-10638 úr Reykjavík um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð og suður Reykjanesbraut með þeim afleiðingum, að hún fór út af vegnum og valt nokkrar veltur og skemmdist mikið. Þessi háskaakstur verður að teljast miklar sakir í skilningi 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru, þegar brotið var framið. Ber því að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki frá 1. október 1987 að telja.

### IV.

Með bréfi 9. mars 1988 var af hálfu Söluturns Áslaugar Júlíusdóttur krafist skaðabóta að fjárhæð 5.000 krónur ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Af hálfu Söluturnsins Vestra var hinn 14. mars 1988 krafist skaðabóta að fjárhæð 4.000 krónur ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er staðfest. Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt. Frá þeim tíma ber ákærða að greiða vexti, eins og í dómsorði greinir.

### V.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja.

Ákærði greiði Söluturni Áslaugar Júlíusdóttur 5.000 krónur

með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1988 til 9. apríl 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði ákærði Söluturninum Vestra 4.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. febrúar 1988 til 14. apríl 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttar-lögmanns, 20.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1988.**

Ár 1988, fimmtudaginn 9. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 320/1988: Ákærvaldið gegn Eymundi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 10. maí sl., á hendur ákærða, „Eymundi Gunnarssyni, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík, fæddum 11. maí 1961 á Patreksfirði, fyrir eftirgreind brot:

#### **I.**

Fyrir að aka, aðfaranótt þriðjudagsins 6. október 1987, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Ö-10638 frá Reykjavík áleiðis til Sandgerðis, þar til hann missti bifreiðina út af Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

#### **II.**

Fyrir að hafa, aðfaranótt 1. janúar 1988, eftir að ákærða hafði vegna mistaka verið afhentur frakki Bryndísar Hrafnkelsdóttur, Bergstaðastræti 12 A, Reykjavík, í Veitingahúsinu Abrakadabra, Laugavegi 116, Reykjavík, slegið eign sinni á ávísanahefti hennar á alreikning nr. 101137 í Iðnaðar-banka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, sem var í seðlaveski í frakk-anum, en frakkanum og veskinu henti ákærði.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

### III.

Fyrir skjalafals með því að hafa:

a) Í framhaldi af brotinu í lið II falsað eftirgreinda þrjá tékka úr tékkheftinu með því að rita á þau nafn Bryndísar sem útgefanda og nafn fram-seljanda sem Sigurður Ólafsson, nema annars sé getið, stílað þá á handhafa og útfyllt að öðru leyti og notað í viðskiptum, svo sem hér er rakið:

1) Nr. 396, kr. 1000, dagsettur 1. janúar 1988, seldur á samkomu Samtaka 78 í Reykjavík þann 2. janúar 1988.

2) Nr. 397, kr. 2.000, dagsettur 1. janúar 1988, framseldur með nafninu Páll Karlsson, óvíst er hvar ákærði seldi tékkann.

3) Nr. 398, kr. 5.000, dagsettur 2. janúar 1988, seldur í Söluturni Ás-laugar Júlíusdóttur við Álfaskeið í Hafnarfirði.

b) Í febrúar 1988, notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka á tékkeyðublöðum merktum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skóla-vörðustig 11, Reykjavík, en þau hafði ákærði í heimildarleysi tekið úr tékkhefti Sveins Valdimars Jónssonar, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík, og síðan falsað á þau nafnritun Sveins sem útgefanda, stílað tékkana til handhafa á reikning nr. 1235, framselt þá í eigin nafni og útfyllt og notað, svo sem hér er rakið:

1) Nr. 2848939, kr. 4.000, dagsettur 9. febrúar 1988, seldur í kaupfélaginu í Grindavík.

2) Nr. 2848943, kr. 4.000, dagsettur 8. febrúar 1988, seldur í Söluturninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

### *Dómkröfur.*

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaða-bóta“.

### *Málavextir.*

#### I.

Kl. 2.42 aðfaranótt þriðjudagsins 6. október sl. var lögreglunni í Hafnar-firði tilkynnt um umferðarslys á Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð, en þar hefði bifreið farið út af veginum og oltið niður háan malarkant. Við athugun á vettvangi kom í ljós, að bifreiðinni Ö-10638 hafði verið ekið suður Reykjanesbraut. Virtist sem ökumaður hennar hefði misst vald á

henni nokkru sunnan við Þúfubarð og hún runnið út af veginum og farið nokkrar veltur, uns hún stöðvaðist á þakinu.

Eftir nokkra leit fannst skammt frá bifreiðinni maður að nafni Atli Guðmundsson, fæddur 11. september 1963. Kvaðst hann vera ómeiddur, en kvaðst hafa áhyggjur af félaga sínum, ákærða í málinu, sem hefði ekið bifreiðinni, er slysið hefði átt sér stað. Stuttu síðar fannst ákærði vestan við Reykjanesbraut. Var hann mjög ölvaður. Var honum tekið blóðsýni til rannsóknar á vinandainnihaldi kl. 3.30 um nóttina á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist vinandamagn í blóðinu 2.12‰.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Hafnarfirði eftir hádegi sama dag og ofangreindur atburður átti sér stað kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa ekið umræddri bifreið greint sinn og fannst það ótrúlegt, þar sem hann hefði verið það mikið ölvaður að hann hefði ekki verið fær um að aka. Ákærði kvaðst hafa nýtt áfengis á skemmtistaðnum Abrakadabra, þar sem hann hefði verið þar til kl. 0.30 um nóttina. Þá hefði hann farið heim til vinar síns, umrædds Atla Guðmundssonar. Þar kvaðst ákærði muna síðast eftir sér við að drekka, hlusta á plötur og horfa á myndband. Næst kvaðst hann muna eftir, að hann hefði verið að skríða út úr bifreið sinni, sem hafði oltið, og þar næst á slysadeild, er verið var að sauma saman sár á handlegg hans.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið í sakadómi Gullbringusýslu hinn 15. mars sl., og var framburður hans þar mjög á sama veg og hjá lögreglunni í Hafnarfirði. Kvaðst ákærði ekkert muna eftir að hafa ekið bifreiðinni Ö-10638 greint sinn.

Við meðferð málsins játadi ákærði á hinn bóginn skýlaust að hafa ekið umræddri bifreið greint sinn, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, frá Reykjavík áleiðis til Sandgerðis, þar til hann missti hana út af Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð.

Ákærði var hinn 1. október sl. sviptur ökuréttindum til bráðabirgða vegna annars ætlaðs ölvunarakstursbrots en hér er til meðferðar.

Með játningu ákærða fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærukafla þessum og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða.

## II.

Aðfaranótt 1. janúr sl. var ákærði að skemmta sér í Veitingahúsinu Abrakadabra, Laugavegi 116 hér í borg. Er ákærði yfirgaf húsið, fékk hann vegna mistaka afhentan frakka Bryndísar Hrafnkelsdóttur, Bergstaðastræti 12 A, Reykjavík. Er út var komið, varð ákærði þess var, að þetta var ekki

frakkinn hans, en gerði enga tilraun til að skila honum og fór heim til systur sinnar. Næsta dag kastaði ákærði frakkanum, sem í var seðlaveski, inn í húsasund við Hverfisgötu hér í borg, en áður hafði hann slegið eign sinni á ávísanahefti nefndrar Bryndisar á alreikning hennar nr. 101137 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík.

Ofangreint brot ákærða er sannað með játningu hans, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar atferli ákærða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

### III.

a) Í framhaldi af broti því, sem lýst er í II. kafla ákæru þessarar, falsaði ákærði þrjá tékka úr nefndu tékkhefti Bryndisar Hrafnkelsdóttur, nr. 396, 397 og 398. Á alla tékkana ritaði ákærði nafn Bryndisar sem útgefanda. Á tékka nr. 396 og 398 ritaði ákærði framseljandanafnið Sigurður Ólafsson og á tékka-nr. 397 framseljandanafnið Páll Karlsson. Óvist er um notkun tékka nr. 397, en notkun hinna tékkanna er rétt lýst í ákæru. Dagsetningum allra tékkanna er þar og rétt lýst.

Söluturn Áslaugar Júlíusdóttur, Álfaskeiði 115, Hafnarfirði, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða versluninni 5.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25,1987, til greiðsludags.

Krafa þessi verður tekin til greina og ákærði dæmdur til að greiða sölu-turninum 5.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem um getur í lið a) 3) ákærukafla þess, hinn 5. janúar 1988, til greiðsludags.

b) Hinn 11. febrúar sl. sneri Sveinn V. Jónsson, Nýlendugötu 19B, Reykjavík, sér til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þjófnæð á þremur ávísanablöðum úr ávísanahefti sínu hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Lagði kærandi fram ljósrit af ávísun nr. 2848943, að fjárhæð kr. 4.000, útgefna til handhafa af S. Valdimar Jónassyni og framselda af Eymundi Gunnarssyni. Kvað kærandi Eymund, ákærða í málinu, vera sambýlismann sinn, en kvað hann ekki kannast við að hafa skrifað nafn sitt á þessa ávísun.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 25. febrúar sl. og laust eftir hádegi 15. mars sl. neitaði ákærði að hafa tekið umræddan tékka í heimildarleysi og notað hann, svo sem lýst er í ákærulið þessum. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, sem hófst laust fyrir miðnætti 15. mars sl., óskaði ákærði hins vegar eftir að breyta framburði sínum, og játaði hann í þeirri yfirheyrslu að hafa falsað umræddan tékka með þeim hætti, sem lýst er í ákæru, og framselt hann í eigin nafni og notað í viðskiptum í Sölu-turninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík, hinn 8. febrúar sl.

Söluturninn Vestri, Garðastræti 2, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða versluninni 4.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr. sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25,1985, til greiðsludags.

Framangreinda kröfu þykir bera að taka til greina, og verður ákærði dæmdur til að greiða ofangreindri verslun 4.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, er um getur í lið b) 2) ákærukafla þessa, hinn 8. febrúar, til greiðsludags.

Þann 17. febrúar sl. mætti útibússtjóri Kaupfélags Suðurnesja í Grindavík á lögreglustöðina þar í bæ og „tilkynnti“, að ávísun nr. 2847939 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hefði verið leyst út í matvöruverslun kaupfélagsins hinn 9. sama mánaðar. Í ljós hefði svo komið, að ávísunin væri fölsuð. Reikningseigandi ávísunarinnar var tilgreindur Sveinn Valdimar Jónsson, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Grindavík hinn 15. mars sl. viðurkenndi ákærði að hafa framselt ofangreindan tékka með eigin nafni og notað í viðskiptum í kaupfélaginu í Grindavík, en neitaði alfarið (sic) að hafa ritað framhlið tékkans. Kvaðst ákærði hafa fengið tékkann útfylltan frá eiganda hans, Sveini Valdimar Jónssyni. Að kvöldi sama dags kvaðst ákærði vilja skýra satt og rétt frá í máli þessu. Viðurkenndi ákærði þá að hafa tekið tvö tékkaeyðublöð úr hefti nefnds Sveins Valdimars. Kvaðst ákærði hafa ritað allt efni tékka nr. 2848939 og þar á meðal falsað nafn Sveins Valdimars Jónssonar.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa tekið umrædda 2 tékka í heimildarleysi úr tékkhefti Sveins Valdimars Jónssonar og að hafa falsað á þá nafnritun Sveins sem útgefanda, stílað tékkana til handhafa á reikning nr. 1235, framselt þá í eigin nafni og útfyllt og notað, svo sem rakið er í ákæru.

Brot ákærða í ákærukafla þessum eru sönnuð með eigin játningu hans, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar háttsemi ákærða í öllum tilvikum við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1980 10/9 í Barð. Dómur: 270.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 18 mán. frá 10.7. '80.

1981 29/12 í Barð. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.12. 1981.

1982 7/9 í Barð. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 244. gr.hgl.

1983 8/12 í Barð. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25.

gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 23.2. 1984.

1987 6/3 í Barð. Veitt heimild til ökuleyfis á ný.

1987 11/11 í Keflavík. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, sbr. áður 80. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 155. gr. og 246. gr. síðastnefndra laga. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Ákærði hefur þrívægis áður verið dæmdur fyrir ölvunarakstursbrot, þar af í tveimur tilvikum einnig fyrir réttindaleyfi við akstur, og kemur því ekki til greina að skilorðsbinda refsinguna. Svípta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru, og þar sem um itrekað brot öðru sinni er að ræða, ber samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að svípta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974, frestar áfrýjun eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Söluturni Áslaugar Júlíusdóttur við Álfaskeið í Hafnarfirði, kr. 5.000, ásamt almennum vöxtum frá 5. janúar 1988 til greiðsludags,

2) Söluturninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík, kr. 4.000, ásamt almennum vöxtum frá 8. febrúar 1988 til greiðsludags.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja. Áfrýjun frestar eigi áhrifum þessa dóms-ákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.